

Fundargerð háskólaráðs

292. fundur 8. júní 2010
fundaherbergi 262 Borgum kl. 14 - 17

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 14.10.

Mættir voru auk hans:

Aðalheiður Ámundadóttir fulltrúi nemenda
Jóna Jónsdóttir varafulltrúi menntamálaráðherra
Helga Hlín Hákonardóttir fulltrúi háskólaráðs
Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra
Páll Skúlason fulltrúi háskólaráðs
Þóroddur Bjarnason fulltrúi starfsmanna

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri
Stefán Jóhannsson sérfræðingur
Hafdís Skúladóttir lektor

Rektor kynnti dagskrá.

1. **Fundargerð síðasta fundar**

0912023

Fundargerð 291. fundar var borin upp og samþykkt.

2. **Sveigjanlegt nám, stefnumótun fjarnáms, lokaskýrsla**

0910661

Rektor bauð Sigrún Magnúsdóttur og Stefán Jóhannsson velkomin á fundinn.

Sigrún gerði grein fyrir hverjir skipuðu starfshóp um gerð skýrslunnar, þeir eru auk hennar: Guðrún Rós Þórsteinsdóttir, Helgi Bergs, Kjartan Ólafsson og Kristjana Fenger, en starfsmenn nefndarinnar voru: Daníel Freyr Jónsson, Erlendur Steinar Friðriksson og Anna Ólafsdóttir.

Sigrún rakti efni skýrslunnar í aðalatriðum. Sagði hún frá því að á vormisseri 2011 verða kennd þrjú námskeið í tilraunaskyni, eitt á hverju fræðasviði, í samræmi við hugmyndir sem settar eru fram í skýrslunni. Meðan á tilrauninni stendur verður fylgst vel með framvindunni og brugðist við vandamálum sem upp kunna að koma.

Háskólaráð lýsti ánægju með skýrsluna og töldu fulltrúar mikla möguleika felast í auknum sveigjanleika náms. Minnt var á nauðsyn þess að námslotur væru vel skipulagðar og mikilvægi þess að hugað sé að félagslegum þáttum og persónulegum samskiptum nemenda og kennara. Háskólaráð lýsti stuðningi við áðurnefnda kennslutilraun á vormisseri 2011.

3. **Náms- og kennsluskrá 2010-2011**

"[málsnúmer]"

Stefán Jóhannsson skýrði út hvernig náms- og kennsluskrá er undirbúin.

Uppstillingu náms- og kennsluskrár á að vera lokið 1. febrúar. Eftir umræður samþykkti háskólaráð náms- og kennsluskrá 2010-2011.

[Handwritten signatures]

Ákveðið var að gerð yrði úttekt á náms- og kennsluskrá 2011-2012, m.a. með tilliti til námsmarkmiða (viðmiða um æðri menntun og prófgráður). Háskólaráð gerir ráð fyrir að náms- og kennsluskráin verði tilbúin 1. febrúar 2011. Rektor þakkaði Sigrúnu og Stefáni fyrir og fóru þau af fundi.

**4. Kennsla í aðferðafræði, samkennsla haustið 2010
1002037**

Hafdís Skúladóttir kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna.

Gerði hún grein fyrir tveim námskeiðum í aðferðafræði og vinnulagi sem samkennd verða fyrir öll fræðasviðin á haustmisseri 2010. Vísaði hún til tillagna þar um í skýrslu starfshóps um samkennslu milli fræðasviða við HA, fyrstu tillögur, 8. febrúar 2010.

Rektor hefur falið starfshópnum að vinna áfram að undirbúningi námskeiðanna. Umræður urðu um nauðsyn þess að tryggja gæði námsins. M.a. var bent á mikilvægi þess að viðkomandi kennarar hafi náið samstarf. Fram kom tillaga um að starfshópurinn og kennarar geri saman úttekt á námskeiðunum að þeim loknum í lok hausmisseris.

Háskólaráð lýsti stuðningi við þá ákvörðun að hefja kennslu í þessum námskeiðum næstkomandi haust.

Rektor þakkaði Hafdísí fyrir og fór hún af fundi.

**5. Rekstur, staða fjármála
"[málsnúmer]"**

Úlfar dreifði yfirliti yfir rekstur háskólans janúar-máí, dagsettu 8. júní.

Rekstur kennsludeilda og stoðþjónustu er samtals 559.549 mkr. eða 39.90% af áætlun ársins en viðmiðið er 41.66%. Rekstur ýmissa verkefna er 5.020 mkr.

Rekstur stofnana og setra með eigin tekjur er 72.923 mkr.

Úlfar gerði grein fyrir helstu frávikum frá áætlun. Reksturinn er í jafnvægi ef frá er skilinn rekstur viðskipta- og raunvísindasviðs. Rektor skýrði frá nokkrum helstu ástæðum þess og sagði hann stefnt að því að jafnvægi í rekstri fræðasviðsins yrði náð á árinu. Þakkaði hann Úlfari fyrir.

Rektor gerði grein fyrir fjölda umsókna um nám á haustmisseri 2010, bráðabirgðatölum. Eftir 10. júlí fást mun marktækari tölur. Umræður urðu um hugsanlega sameiningu á námslínum. Háskólaráð verður kvatt saman sérstaklega ef um slíkt verður að ræða.

**6. Samstarf háskóla, staða mála
"[málsnúmer]"**

Rektor sagði frá fundi sínum með menntamálaráðherra sem fundar nú með rektorum ríkisháskólanna. Rektor gerði grein fyrir minnispunktum varðandi samstarf opinberra háskóla sem hann sendi ráðherra eftir fundinn, að ósk hennar.

Umræður urðu um málið. Fram kom sú ábending að til að undirbúa aukið samstarf væri æskilegt að forsetar fræðasviða háskólanna ræddu þau mál sín á milli.

7. Önnur mál

"[málsnúmer]"


Háskólaráð samþykkti að hækka innritunargjöld úr 45.000 í 65.000 kr. frá 1. janúar 2011.

*G. S. P. Sk.
R. A. J.*

S. R. S.

Háskólaráð samþykkti reglur hug- og félagsvísindasviðs um símat, eins og þær voru samþykktar á deildafundi fræðasviðsins 26. maí 2010.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.30.


Krislin Ístegnisdóttir
Jóna Jónsdóttir
Tari Skúlason
Haukur Haukasson